

**Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð
Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR**

Reykjavík 1. febrúar 2019

Efni: Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda í Reykjavík í maí 2020.

Nú stýttist í að aftur sé komið að Reykjavík að halda Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda en mótið hefur farið fram árlega síðan 1948. Mótið er haldið fyrir 14 ára gamla grunnskólakrakka og keppt er í þremur íþróttgreinum fyrir drengi og stúlkur. Reykjavíkurborg tók í fyrsta skipti þátt í leikunum í Helskinki árið 2006 sem gestahöfuðborg. Þá var sent eitt lið til keppni, drengjalið í knattspyrnu og árið 2007 var farið til Osló einnig með drengjalið í knattspyrnu. Árið 2008 tók Reykjavíkurborg í fyrsta skipti þátt, með fullskipað lið, og keppti í þremur íþróttgreinum. Í ár eru leikarnir haldnir í Stokkhólmi og mun Reykjavíkurborg senda fullmannað lið eða alls 41 keppendur.

Reykjavík hefur tvisvar haldið mótið, það var árin 2011 og 2014. Miðað er við að höfuðborgirnar skiptist á að halda mótið á fimm ára fresti eftir að Reykjavík bættist í hópinn og nú er aftur komið að okkur.

Gestgjafinn sér hverju sinni um skipulag og framkvæmd mótsins, sér um gistingu og mat fyrir þátttakendur. Mótsgestir eru 235 og fyrirhugað er að gista í farfuglaheimilinu í Laugardal með eins marga og hægt er og í nærliggjandi gistaðstöðu með restina.

Íþróttakeppni fer fram í Laugardal þar sem keppt er í knattspyrnu drengja, handknattleik stúlkna og í frjálsíþróttum drengja og stúlkna. Keppni fer að jafnaði fram milli kl. 9:00-14:00. Í bland við íþróttakeppni er svo dagskrá fyrir krakkana þar sem lögð er áhersla á að þau kynnist jafnöldrum sínum og því sem borg gestgjafans hefur upp á að bjóða. Fjöldi keppenda, þjálfara og farastjóra frá hverri höfuðborg eru alls 47 manna hópur eða 41 keppandi, fjórir þjálfarar og tveir fararstjórar.

Hver höfuðborg sendir eftirfarandi lið til keppni:

Knattspyrna drengja	15 drengir
Handknattleikur stúlkna	10 stúlkur
Frjálsar íþróttir	8 drengir
Frjálsar íþróttir	8 stúlkur

Þjálfara- og farastjórategymi frá hverri höfuðborg eru:

Þjálfarar 2 karlar

Þjálfarar 2 konur

Fararstjóri 1 karl

Fararstjóri 1 kona

Þessir leikar hafa mikil uppeldisleg áhrif og jákvæða hvatningu fyrir þá unglinga sem taka þátt sem og að auka samskipti þeirra við jafnaldra frá hinum höfuðborgum Norðurlandanna.

Íþróttabandalag Reykjavíkur er reiðubúið að sjá um framkvæmd leikanna eins og áður og er hér með óskað eftir fjármagni til þess. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um um 18,5 milljónir króna en unnið verður að gerð nákvæmrar fjárhagsáætlunar í samstarfi við ÍTR.

Með kveðju,

Frimann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur